

## Því dæmist rétt vera:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð, nauðungaruppboð og uppboðsréttarúrskurður skal úr gildi felt. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 8. júní.

Nr. 48/1913

Sigurður Guðmundsson  
fyrir hönd gufuskipafélagsins »Thore«,  
gegn  
Þorleifi Guðmundssyni.

## D ó m u r :

Afgreiðslumaður gufuskipafélagsins »Thore«, Sigurður Guðmundsson höfðaði mál þetta fyrir hönd félagsins á bæjarþingi Reykjavíkur gegn Þorleifi Guðmundssyni kaupmanni í Reykjavík til greiðslu á vöruflutningsgjaldi, er hann taldi félagið eiga hjá honum, en nefndur kaupmaður höfðaði þá gagnsök á hendur félaginu til skuldajafnaðar og greiðslu þess, er hann taldi til skuldar hjá félaginu umfram kröfu þess. Voru mál þessi dæmd á bæjarþinginu 14. ágúst f. á., á þá leið, að gagnstefnandi skyldi greiða aðalstefnanda kr. 311,29 með 5% ársvöxtum frá 19. sept. 1912 til greiðsludags, en málskostnaður í báðum málunum var látinn falla niður. Þessum dómi hafa báðir aðilar skotið til yfirdómsins, Sigurður Guðmundsson með stefnu, dags. 17. okt. f. á., og Þorleifur Guðmundsson

með gagnstefnu, dags. 13. des. f. á. Hefir aðaláfrýjandi krafist þess, að dómnum verði hrundið og breytt þannig, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 1106.09 með 6% ársvöxtum frá 19. sept. 1912, og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum eftir mati yfirdómsins. En gagnáfrýjandi krefst þess hinsvegar, að dóminum verði breytt samkvæmt kröfum hans fyrir undirréttinum, þannig að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1261.50 með 5% ársvöxtum frá 31. janúar f. á. til borgunardags eða að skuldajöfnuður verði gerður milli þessarar kröfu og aðalkröfunnar, sem upphaflega var fyrir undirréttinum kr. 1245.90, þannig, að gagnáfrýjanda verði dæmdur mismunurinn á þessum kröfum kr. 15.60, en til vara, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur; svo krefst hann og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Krafa sú, er mál þetta er risið af, er um flutningsgjald, sem áfrýjandi telur sér ógreitt fyrir vörur, er stefndi (gagnáfrýjandi) fékk til Reykjavíkur með skipum Thoresfélagsins »Mjölur« og »Kong Helge« í maímánuði 1912. Eins og áður er sagt, var krafan upphaflega að upphæð kr. 1245.09, en fyrir undirréttinum dró áfrýjandi frá henni þessar upphæðir: afslátt á flutningsgjöldum með »Kong Helge« kr. 43.45, með Mjölur« kr. 38.61 og með »Perwie«, skipi félagsins kr. 7.25, og ennfremur endurgjald fyrir vörur, sendar með »Perwie«, er eigi komu fram, kr. 50.50, samtals kr. 139.81, svo að krafa hans fyrir yfirdóminum er sem fyr segir kr. 1106.09.

Hins vegar hefir stefndi krafist þess í gagnsökinni, að ennfremur komi til reiknings móti kröfu áfrýjanda:

1. afsláttur á flutningsgjaldi með »Mjólnir«	kr.	81.08
2. ——— « ——— — — »Perwie«	—	40.83
3. endurgjald fyrir óskilaðar vörur úr »Mjólnir«	—	102,74
4. ——— — ——— — — úr Kong Helgekr.	—	130.46
5. ——— — ——— — — — »Perwie«	—	41.22
6. Kostnaður við flutning á vörum frá Reykjavík til Hallgeirseyjar, þar sem áfrýjandi eftir samningi hafi átt að afferma þær . . . .	kr.	725.36
	Samtals	kr. 1121.69

eða umfram, kröfu áfrýjanda kr. 15,60, er stefndi krefst dóms fyrir. Um þessa kröfuliði verður athugað það, sem eftir segir:

1. Stefndi heldur því fram, að þessi afsláttur sé rétt tællinn alls kr. 119.69, en ekki að eins kr. 38.61 sem áfrýjandinn hefir samþykkt, eigi því enn að koma til frádráttar kr. 81.08. Varan, sem hér ræðir um, er 286 hundrað punda pokar af haframjöli, og telur stefndi flutningsgjaldið fyrir hvern poka kr. 1.15, en alt gjaldið fyrir þessa sendingu, að frádregnum 10% og aftur 10% eftir gjaldskrá félagsins kr. 266.41. En áfrýjandi telur flutningsgjaldið kr. 1.50 fyrir haframjölspokann, eða kr. 429.00 og að frádregnum hundraðsgjöldum kr. 347.50 fyrir alla sendinguna. Með því að flutningsgjaldið fyrir þessa vörutegund er í gjaldtaxta félagsins tilgreind eins og áfrýjandi telur það, og stefndi hefir eigi sannað, að honum hafi verið heitið frekari ívilnun í gjaldinu en áfrýjandi hefir reiknað honum, verður krafa hans nú meiri afslátt á þessu gjaldi, en áfrýjandi hefir samþykkt, eigi tekin til greina.

2. Áfrýjandi heldur því fram, að hér sé um sama flutningsgjald að ræða og í liðnum næst á undan og sé

Það sama upphæðin, sem áfryjandi hefir reiknað kr. 38.61 og samþykkt að draga þar frá; sé þetta því tvítalið hjá stefnda. En þetta virðist eigi geta verið rétt, með því að ómótmælt er að vara sú, sem hér er átt við og nefnd er valsaðir hafrar, ekki haframjöl, hafi flutzt með öðru skipi, »Perwie«, svo að eigi getur verið um sömu sendinguna að tefla. Fyrir þessa vörusendingu hefir stefndi greitt flutningsgjald kr. 223.08, en rétt reiknað eftir kr. 1.50 taxa og  $10\% + 10\%$  afslætti telur stefndi það eiga að vera kr. 182.25, og kemur þá fram mismunurinn kr. 40.83. Með því að áfryjandi hefir eigi sérstaklega vefengt þennan reikning stefnda, verður að telja rétt, að síðastnefnd upphæð dragist frá kröfu áfryjanda.

3. Vörur úr Mjólnir, er eigi hafa komið til skila, telur stefndi þessar: 7 rúllur af þakpappa fyrir kr. 11.20, 123 pd. pund af völsuðum höfrum fyrir kr. 15,07, 117 pund af rúgi fyrir kr. 10.47 og 6 kassa af kandís fyrir kr. 66.00, alls vörur fyrir 102.74. Áfryjandi hefir eigi borið á móti því, að tekið hafi verið á móti þessum vörum í skipið til flutnings og eigi haldið því fram, að þær hafi verið afhentar réttum hlutaðeigendum eða á annan hátt gert grein fyrir þeim, en hann hefir hinsvegar haldið því fram, að hann hafi enga tilkynningu um það fengið, að þessar vörur vantaði, og ekkert um það vitað fyr en stefndi lagði fram mótreikning sinn í þessu máli. Stefndi hefir ekki hnekt þessari umsögn áfryjanda, og með því að fallast verður á þá skoðun héraðsdómarans, að stefnda hafi verið nauðsynlegt til þess að varðveita rétt sinn út af þessari vöruvöntun að láta eigi dragast að gera áfryjanda viðvart um hana og krefjast leiðréttingar á henni, og með því að einnig verður að líta svo á, að heimilt

sé eftir málsfærslunni að taka þessa málsástæðu til greina, þykir eiga að sýkna áfrýjanda af þessari gagnkröfu.

4. Vörur úr «Kong Helge» telur stefndi vanta: 4 kassa melis fyrir kr. 46.00, 1 sekk af muldum sykri fyrir kr. 43.00 og 6 tunnur af kexi fyrir kr. 41.46 eða vörur fyrir samtals kr. 130.46. Áfrýjandi kannast við, að hvíti sykurinn og kexið hafi eigi verið afhent stefnda, en sé geymt hjá afgreiðslu félagsins og geti stefndi fengið það afhent, þegar hann greiði skuld sína. Það verður nú að teljast áfrýjanda heimilt að halda þessum vörum, þangað til flutningsgjaldið er greitt, og selja þær því til lúkningar, ef á þarf að halda, en um mulda sykurinn er sama að segja og um vörurnar, er getið er í tölulíð næst á undan, að áfrýjandi hefir eigi í tíma verið gert viðvart um að þessa vörusendingu vantaði, og verður hann því eigi svo löngu eftir krafinn endurgjalds fyrir hana.

5. Á vörum fluttum með »Perwie« tjáir stefndi eigi hafa komið til skila: 3 sekki rúgmjöls fyrir kr. 25.50, 2 sekki af völsuðum höfrum fyrir kr. 25.00, 110 pund af samskonar höfrum fyrir kr. 13.75 og vindla fyrir kr. 27.47. Andvirði tveggja fyrsttöldu sendinganna, samtals kr. 50.50, dró áfrýjandi frá kröfu sinni fyrir undirrétti, sem fyr segir, en hinar sendingarnar verður hann eigi gegn uótmælum hans dæmdur til að greiða stefnda af framangreindri ástæðu, að hann hefir eigi verið krafinn um skil á þeim í tækan tíma.

6. Kröfu sína um endurgjald á kostnaði við flutning á vörum frá Reykjavík til Hallgeirseyjar byggir stefndi á því, að áfrýjandi hafi skuldbundið sig til að láta afferma þessar vörur í Hallgeirsey, en í stað þess hafi skipið, «Kong Helge», sem flutti vörurnar, lagt þær upp í

Reykjavík, og flutningurinn á þeim þaðan til Hallgeirseyjar hafi kostað alls kr. 725.36; þennan kostnað telur stefndi að áfryjandi eigi að greiða sér. En áfryjandi neitar því að hann hafi tekið á sig neina skuldbindingu um afferming varanna í Hallgeirsey, því hafi að eins verið lofað að svo framarlega sem ástæðurnar, að dómi skipstjórans, leyfðu það, en skipstjóri hafi eigi álitid það fært, og því orðið að fara með vörurnar til Reykjavíkur. Í farmskirteinum þeim, er fylgdu vörum þessum, er réttur affermingarstaður skipsins talinn vera Reykjavík, en þar á eftir er bætt við: »Losning við Hallgeirsey Forholdende til-ladende, ellers Reykjavík efter Kapt. Skjön». Stefndi hefir eigi sannað, að hann hafi fengið annað eða ríkara loforð áfryjanda um afferming varanna í Hallgeirsey en farmskirteinið ber með sér, en eftir því virðist hann hafa látið sér lynda að hlíta dómi skipstjórans um það, hvort fært væri að koma vörunum í land í Hallgeirsey, og að skipstjóri hafi álitid það ófært, sýnir innfærsla í dagbók skipsins, sem ómótmælt er að eigi við þessa ferð, svo-látandi: «Paa Grund af høj sydlig Dønning kunde der intet udrettes ved Losning paa Sydlandet og Rejsen fortsattes til Reykjavík». Stefndi vill halda því fram, að þessi dagbókarskýrsla geti eigi verið rétt, því veður hafi verið gott til affermingar í Hallgeirsey, þegar skipið fór þar fram hjá. En þó að svo yrði litið á, að stefndi væri eigi skilyrðislaust bundinn við úrskurð skipstjórans, þá ber honum þó, er hann vill vefengja úrskurðinn, að sanna að hann sé rangur, en það hefir stefndi eigi gert. Það verður því eigi séð, að ástæður séu til þess, að áfryj-andi eigi að endurgjalda stefnda áminstan flutningskostnað

á vörum frá Hallgeirsey til Reykjavíkur, og ber því að sýkna hann af þeirri kröfu.

Samkvæmt fransögðu verða þau úrslit málsins, að frá kröfu áfrýjanda, kr. 1106.09 ber að draga kr. 40.83, en dæma stefnda til að greiða honum kr. 1065.26 með 5% ársvöxtum frá 19. sept 1912 til greiðsludags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök þykir eftir atvikum rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Þorleifur Guðmundsson greiði áfrýjanda Sigurði Guðmundssyni fyrir hönd gufuskipafélagsins »Thore« kr. 1065,26 með 5% ársvöxtum frá 19. sept. 1912 til borgunardags. Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegrí birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. júní.

Nr. 45/1913

Guðmundur Árnason  
gegn

Guðna Hafliðasyni og  
Magnúsi bæjarfógeta Torfasyni.

Dómur:

Mál þetta var í héraði höfðað fyrir aukarétti Ísafjarð-